

# Skýrsla velferðarvaktarinnar

## Undirbúningur og greining gagna

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir  
27. ágúst 2013



- » Samantekt um störf Velferðarvaktarinnar frá mars 2009 til júní 2013
  - Stýrihópur – samsetning, þróun og vinnulag.
  - Vinnuhópar – samsetning, þróun og vinnulag.
  - Áherslur hvers árs.
  - Afdrif tillagna, verkefna og áskorana.
  - Skýrslur sem unnar hafa verið á vegum vaktarinnar.
  - Skýrslur sem kynntar hafa verið af gestum.
  - Samstarf og kynningar innanlands og erlendis.
  - Mat á gagnsemi.



- » Búið er að:
  - Skoða skipanir til vaktarinnar og þátttöku fulltrúa velferðarvaktarinnar.
  - Lesa í gegnum fundargerðir vaktarinnar.
  - Greina þemu hvers árs út frá dagskrá fundanna.
  - Lesa stöðu- og áfangaskýrslur vaktarinnar.



# Samþykkt lýsing á velferðarvaktinni

- » Velferðarvaktin var stofnuð að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 til að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilin í landinu. Hún er óháður greiningar- og álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka og fylgir þeim eftir. Að velferðarvaktinni standa samtök, aðilar vinnumarkaðarins, ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarfélög.
  - » Samþykkt á 59. fundi stýrihóps, 3. janúar 2012.



# Stýrhópur – fyrirkomulag

- » Stýrihópurinn hefur verið starfandi á fimmta vetur og haldið 86 fundi.
- » Hverju sinni hafa að meðaltali 16 úr stýrihópnum eða varamenn þeirra sótt fundina.
- » Flestir fulltrúar voru virkir meðlimir, þ.e. þeir mættu á flesta fundi fyrir utan fjármálaráðuneytið sem tók ekki þátt síðustu tvö ár vaktarinnar.
- » Fyrstu vikurnar sem vaktin starfaði var fundað vikulega, síðar hálfsmánaðarlega.



- » Hreyfing – næring – svefn – félagsskapur
- » Hátt atvinnustig er forsenda þess að vel takist til við úrvinnslu erfiðleikanna sem blasa við og mikilvægt að stjórnvöld íhugi fjölbreyttar leiðir til að styðja við atvinnusköpun og atvinnufyrirtæki í rekstri til að vernda störf.
- » Mikilvægt að allra úrræða sé beitt til að tryggja virkni ungs fólks án atvinnu með viðeigandi námstilboðum og fjölbreyttum vinnumarkaðsúrræðum.
- » Samhliða verður að standa vörð um grunnþjónustu ríkis og sveitarfélga, gæta jafnræðis og meðalhófs við hagræðingu og koma í veg fyrir að hún leiði til aukinna útgjalda á sviðum hins opinbera.



# Þema fyrsta vetrar (vor 2009)

- » Í upphafi var áætlað að velferðarvaktin myndi starfa í skamman tíma eftir efnahagshrunið.
- » Snemma lagður grunnur að áframhaldandi vinnu.
- » Skipulagið mótað.
- » Farið yfir rannsóknir sem búið var að vinna.
- » Unnið að sýnileika vaktarinnar.
- » Mikilvægt þótti að mótuð yrði grunnlína sem hægt yrði að hafa til viðmiðunar í samanburði á velferð.
  - Félagsvísar.
- » Undir sumarið tengdi vaktin sig betur við vettvangin og lagði ríka áherslu á börn og barnafjölskyldur.



# Þema annars vetrar (2009-2010)

- » Áhersla lögð á fjármál heimilanna, fátækt og atvinnuúrræði.
- » Áfram var helst litið til barna og barnafjölskyldna.
- » Undir lok vetrar var rætt um lífeyrsþega og kjör þeirra.





# Þema þriðja vetrar (2010-2011)

- » Veturinn fór af stað með skipulagsvinnu og endurskoðun á fyrirkomulagi stýrihópsins og vinnuhópanna.
- » Mikil áhersla var lögð á atvinnuleysi, fátækt og skuldamál heimilanna.
- » Sjónum beint að sérsökum hópum og afmörkuðum málefnum, t.d. var rætt um áhrif hagræðinga hjá sveitarfélögum á velferð barna, tannvernd barna, smálánafyrirtæki og sérstaklega fjallað um stöðu kvenna.
- » Samstarf með Suðurnesjum.
- » Vinna við gerð félagsvísa komst vel af stað.



# Þema fjórða vetrar (2011-2012)

- » Aftur farið af stað með skipulagsvinnu og starfsfyrirkomulag stýrihópsins og vinnuhópanna endurskoðað.
- » Reynt að leita leiða til þess að auka sýnileika vaktarinnar.
- » Efnahagshrunið var skoðað úr ákveðinni fjarlægð.
- » Áhrif hagræðingar og niðurskurðar á menntamál og félagsþjónustu skoðuð.
- » Fylgst með rannsóknum sem verið var að vinna á áhrifum efnahagskreppunnar.
- » Meiri áhersla lögð á almannatryggingar og lífeyrisþega en áður hefur verið gert.
- » Aukin áhersla lögð á Suðurnesin.



# Þema fimmta vetrar (2012-2013)

- » Vaktin hefur útvíkkað hlutverk sitt frá því að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins yfir í að veita aðhald og eftirlit með helstu aðgerðum stjórnvalda og mannréttindum almennt á Íslandi.
- » Meiri áhersla lögð á atvinnumál og vinnumarkaðinn.
- » Fjallað um mikilvægi jákvæðra viðhorfa og virðingar í orðræðu fjölmiðla.
- » Fjármál heimilanna voru enn í brennidrepli og skuldavandi heimalanna.
- » Afmörkuðum verkefnum stjórnvalda sem hafa áhrif á velferð einstaklinga og einstaka hópa var veitt aðhald og þeim fylgt eftir, eins og samningum um tannlækningar barna og ný lyfjalöggjöf.
- » Velferðarvaktin talin standa á tímamótun þar sem ný ríkisstjórn er tekin við völdum og nú þurfi að skilgreina betur verkefni velferðarvaktarinnar.



# Vinnuhópar velferðarvaktarinnar

- » Kortleggja ástandið, leggja mat á afleiðingar kreppunnar á markhópin og tilgreina hvaða upplýsingar vantar til að skýr mynd fáiist.
- » Taka saman yfirlit um það sem þegar hefur verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar og varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins.
- » Leggja fram tillögur til úrbóta.



- » Klára að lesa skýrslur, fylgja eftir tillögum sem lagðar voru fram þar.
- » Skoða hverjir voru í vinnuhópnum og lesa skýrslur hópanna.
- » Kortleggja kynningar gesta stýrihópsins.
- » Skoða hvort aðgerðaráætlun velferðarvaktarinnar hafi staðist og leggja mat á gagnsemi hennar.
- » Ræða við einstaka fulltrúa stýrihópsins.